

Ed.

#### **194. Frumvarp**

til laga um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

##### 1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands, að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

##### 2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþykta, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt, eða bindur það skilyrðum, er hreppsnefndin getur ekki unað við, og er hreppsnefnd þá heimilt að fara með málið samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, 53. gr., síðustu málsg. Verði framkvæmd vatnsveitunnar samþykkt af hreppsþúum á nefndan hátt, sendir hreppsnefnd stjórnarráðinu málið til meðferðar á sama hátt og á undan segir.

### 3. gr.

Hver landeigandi eða lóðareigandi er skyldur að leyfa, að vatnsleiðslur þær, er getur um í lögum þessum, sjeu lagðar um land hans, á eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagninga þeirra eða viðhalds, svo sem grjót, mól eða önnur jarðefni, sjeu tekin þar sem næst er, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitíð verði, að land- eða lóðareigandi hafi beðið skaða við það. Ef samningum verður ekki komið við um skaðabæturnar, skulu þær metnar af dómkvöddum óvilhöllum mönnum.

### 4. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má í hana selja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Ennfremur má með reglugerð þessuri veita hreppsþjelaginu einkarjett til að veita neysluvatni í pípum til verslunarstaðarins og um hann, og skal þá engum heimilt að selja þar vatn úr öðrum vatnsæðum eða vatnsbólum til heimilisþarfa, eða annara þeirra þarfa, er vatnsveitan getur fullnægt.

### 5. gr.

Í löggiltum verslunarstöðum, þar sem komin er neysluvatnsveita til almenningsnota, má með gjaldskrá, sem hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja á alment gjald fyrir afnot vatnsins til heimilisþarfa, svo og aukagjald fyrir vatn til skipa, iðnaðarfyrirtækja eða annara fyrirtækja, sem nota vatnið til annars, en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, sem hafa vatnshana utanhúss. Gjöld þessi má taka lögtaki.

### 6. gr.

Í reglugjörðum þeim, sem getur um í 4. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.